

# Hver er þessi Bieber?



## Fyrstu árin

Justin Drew Bieber fæddist í Kanada þann 1. mars árið 1994. Hann ólst upp í borginni Stratford í Ontaríohéraði. Foreldrar hans voru ung að árum þegar þau eignuðust Justin. Patricia og Jack bjuggu aldrei saman en gerðu sitt besta við uppeldi sonarins. Seinna eignaðist Jack tvö börn til viðbótar með eiginkonu sinni, þau Jazmyn og Jaxon.



Justin stundaði íþróttir af krafti á yngri árum þar á meðal íshokkí, fótbolta og skák. Hann hafði einnig mikinn áhuga á tónlist og kenndi sjálfum sér að spila á hin ýmsu hljóðfæri þ.á.m. trommur og gítar. Hann sýndi snemma hæfileika á tónlistarsviðinu.

## Myndband vekur athygli

Árið 2007 setti Patricia myndband á YouTube af Justin að syngja *So Sick* með Ne-Yo. Ætlun hennar var aðeins að skemmta vinum og ættingjum. Myndbandið vakti hins vegar athygli og aðdáun netverja um allan heim.

Í kjölfarið settu mæðginin inn fleiri myndbönd.

Það var svo nokkru síðar að *Scooter Braun*, þá starfsmaður útgáfufyrirtækis, var að skoða upptökur annars listamanns á YouTube. Af rælni smellti hann á myndbandið með Justin litla Bieber og heillaðist af hæfileikum þessa unga manns. Scooter hófst strax handa við að hafa uppi á stráknum, gerðist umboðsmaður hans og kynnti hann fyrir samstarfsmanni sínum, lagasmiðnum, söngvaranum og dansaranum *Usher*.



Ungur og saklaus

## NETGRÚSK

*Finndu og horfðu á myndbandið af Justin syngja So Sick.*

*Getur þú fundið fleiri myndbönd af Justin Bieber frá því hann var ungur og óþekktur?*

*Finndu heimaborg söngvarans á Google Maps. Hver er íbúafjöldinn?*

# Hver er þessi Bieber?



## Frægð og frami



Justin Bieber og Usher á góðri stundu.

Scooter og Usher tryggðu Justin Bieber útgáfusamning hjá Island records útgáfufyrirtækinu í október 2008. Fyrsta platan hans, *My World*, kom út árið 2009. Á þeirri plötu er m.a. að finna lagið *Baby* sem náði gríðarlegum vinsældum um allan heim. Bieber semur sum laga sinna sjálfur en flytur einnig lög eftir aðra höfunda.

Árið 2015 voru plöturnar orðnar fjórar og höfðu selst í tæplega 45 milljónum eintaka á heimsvísu. Justin fyllti tónleikahallir um allan heim auk þess að hljóta fjölda verðlauna og viðurkenninga m.a. þrenn Grammy-verðlaun og Amerísku tónlistarverðlaunin. Hann varð auk þess fyrsti tónlistarmaðurinn til að ná sjö lögum á sama tíma inn á bandaríska *Bilboard* vinsældalistann.

## Lífið og tilveran

Aðdáendur söngvarans eru fjölmargir um heim allan og kalla þeir sig *Beliebers*. Þeir fylgjast vel með stjórnunni sinni, sérstaklega á samfélagsmiðlum enda er Bieber duglegur að birta skilaboð og myndir.



Ástarlíf söngvarans þykir ákaflega spennandi. Bieber var lengi orðaður við söng- og leikkonuna *Selenu Gomez* og þóttu þau krúttlegt par. Nú um stundir er Justin að hitta *Sofíu Richie*, dóttur söngvarans *Lionel Richie*.



Sannir aðdáendur - Beliebers

Líf stórstjörnu er ekki alltaf dans á rósum. Árið 2013 fór að bera á hegðunarvanda hjá Justin. Hann komst ítrekað í kast við lögina og var m.a. kærður fyrir skemmdarverk og eggjakast í hús nágretta síns. Hann var svo handtekinn í tvígang árið 2014 fyrir óspektir og glæfraakstur. Þegar hér var komið sögu höfðu vinsældir söngvarans dalað og aðdáendum hans var ekki skemmt.

## NETGRÚSK

*Selena Gomez er bandarísk stórstjarna. Árið 2002 steig hún sín fyrstu skref sem leikkona í frægum sjónvarpsþætti fyrir börn. Hvaða þáttur var það?*

*Hvaða rappari kom fram með Bieber í laginu Baby?*

*Horfðu á myndband með Lionel Richie. Á hvaða áratug var hann vinsæll?*

# Hver er þessi Bieber?



## Á réttri leið

Snemma árs 2015 virtist hinn ungi Bieber þó hafa séð að sér og mætti í viðtöl og birti færslur á samskiptamiðlum þar sem hann lofaði bót og betrun. Kappanum virðist hafa gengið ágætlega að feta rétta braut á ný. Hann gaf út fjórðu plötu sína *Purpose* í nóvember árið 2015. Plötuna vann hann í samvinnu við *Skrillex*. Lögin á plötunni gefa til kynna að Justin hafi tekið líf sitt til endurskoðunar, þar með talið samband sitt við Selenu Gomez. Sjálfur segist hann vona að lagatextarnir verði þeim þeim hvatning er standa á krossgötum í lífi sínu.

Til að fylgja eftir plötunni *Purpose* er Bieber nú á enn einni tónleikaferðinni um heiminn. Á leið sinni kemur hann við á Íslandi, nánar tiltekið í Kópavogi þar sem hann heldur tvenna tónleika í byrjun september 2016.



## NETGRÚSK

- Hvert fer Justin Bieber eftir tónleikana á Íslandi?*
- Hver er Skrillex og hvert ert hans raunverulega nafn?*
- Þekkirðu einhver lög með Skrillex? Ef já – nefndu eitt.*
- Nefndu þrjú lög sem finna má á plötunni Purpose?*
- Hvar í Kópavogi munu tónleikarnir fara fram?*
- Hverjir hita upp fyrir Justin Bieber í Kópavogi?*

# Hver er þessi Bieber?



---

## Að lesa á milli línanna

1. Hvað er Justin Bieber gamall? \_\_\_\_\_

2. Patricia átti sér draum um að gera son sinn að frægum söngvara.

**satt**

**ósatt**

3. Hverjir höfðu mest áhrif á feril Justin Bieber í upphafi? Nefnið tvo.

\_\_\_\_\_

4. Hvaða atburðir, er tengdust Justin Bieber, komust í heimsfréttir árið 2014?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

5. Hvað er átt við þegar skrifað er „*vinsældir söngvarans höfðu dalað*“?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

6. Í byrjun ársins 2015 urðu breytingar á ferli söngvarans. Hverjar?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hver er þessi Bieber?



---

## Justin Bieber er frábær listamaður!

**SAMMÁLA**

**ÓSAMMÁLA**

Settu hring utan um það orð sem lýsir þinni skoðun og færðu rök fyrir máli þínu.

Inngangur

Rök


Rök

Rök

Lokaorð









# Hver er þessi Bieber?

*Justin Bieber*



## Viðtal við Justin Bieber

**Persónur:** Justin Bieber og spyrill sem tekur viðtal fyrir fréttamiðil,  
í tilefni af komu söngvarans til Íslands.

Æfið og flytjið fyrir hópinn!

# Hver er þessi Bieber?



---

## Veldu eitt af eftirfarandi verkefnum

### Tímaritsgrein



Þú ert greinahöfundur hjá vinsælu tímariti fyrir ungt fólk. Þér er falið að skrifa 150 orða grein um Justin Bieber. Greinin má alls ekki vera lengri. Hafðu textann um Bieber hér á undan til hliðsjónar, finndu aðalatriðin, dragðu aukaatriðin frá og skrifaðu grein um gaurinn. Það sem þarf að koma fram:

- ✓ Hver er Justin Bieber? Hvaðan er hann?
- ✓ Hvernig kom það til að hann skaust upp á stjörnuhimininn?
- ✓ Hver eru helstu afrek hans á tónlistarsviðinu?
- ✓ Hvað er hann að bralla um þessar mundir?
- ✓ Annað sem þú telur mikilvægt að lesendur þínir viti.

---

### Útvarpsþáttur



Þú/þið eru starfsmenn útvarpsstöðvar sem fá ið það verkefni að búa til sérstakan þátt um Justin Bieber vegna tónleika hans á Íslandi.

Þátturinn á að vera 20 mínútna langur. Fjalla skal um ævi og feril Justins en auk þess vill stöðin að þú/þið veljið a.m.k. þrjú lög með kappanum til að flytja í þættinum. Setjið upp skipulag fyrir þáttinn og skrifið stuttan og einfaldan texta um Bieber sem hægt er að flytja milli laga.

Veljið svo lög sem þú/þið teljið passa vel inn í dagskrána og áætlið tímann sem spilun þeirra tekur.

Takið upp þáttinn!

---

### Tónlistarmyndband



Veljið lag með Justin Bieber.

Finnið textann við lagið og þýðið yfir á íslensku. Reynið að láta íslenska textann ganga með laglínunni.

Útbúið ykkar eigið myndband við lagið þar sem íslenski textinn fær að njóta sín. Á YouTube má finna undirleik við nokkur laga Biebers.

Takið upp og skemmtið ykkur!